



UMHVERFIS
STOFNUN

Skýrsla teymis efnamála fyrir árið 2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Greining Evrópugerða.....	2
4. Eftirlitsverkefni	3
5. Tilkynningar frá heilbrigðisnefndum	4
6. Fyrirspurnir	4
7. Gagnaskil teymis efnamála.....	5
8. Erlent samstarf	5
9. Fréttir frá teymi efnamála 2018	6

1. Inngangur

Teymi efnamála Umhverfisstofnunar hefur haft með höndum markaðseftirlit með efnum og efnablöndum frá því í byrjun árs 2014. Á árinu 2017 var áfram unnið að fjölbreyttum eftirlitsverkefnum skv. áætlun teymisins og haldið áfram að móta verklag í eftirliti. Auk þess fór drjúgur tími í að rýna nýjar Evrópugerðir og skrifa drög að innleiðingarreglugerðum. Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum og þar með Teymis efnamála er tilgreint í 5. gr. efnalaga. Verkefnin eru margþætt og eru þau helstu tilgreind í þessari samantekt.

2. Greining Evrópugerða

Íslensk löggjöf um efnamál byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland þannig stefnu sambandsins á þessu sviði. Eitt af föstu verkefnum teymis efnamála er að greina reglugerðir, tilskipanir og ákvarðanir Evrópusambandsins áður en þær eru teknar inn í EES-samninginn. Lang flestar greiningar eru svokallaðar hraðgreiningar en innleiðing slíkra gerða kallar hvorki á aðlögun né lagabreytingar eða aukinn kostnað. Fyllt er út upplýsingablað þar sem fram kemur hvaða áhrif gerðin muni hafa hér á landi og skrifuð drög að innleiðingarreglugerð og eru þessi gögn send áfram til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Greining á gerðum sem varða plöntuverndarvörur fara ekki í hraðgreiningu, heldur fylgja eldra ferli þar sem skilað er til ráðuneytisins svokölluðu staðalskjali ásamt upplýsingablaði en innleiðingarreglugerðir eru gefnar út í 2-3 skipti á ári.

Málaflokkur	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015	Fjöldi 2016	Fjöldi 2017
REACH	8	8	10	7
Flokkun og merking	2	7	4	1
Sæfivörur	33	21	44	30
Plöntuverndarvörur	38	34	42	45
Snyrtivörur	11	7	6	3
Ósoneyðandi efni og gróðurhúsalofttegundir	3	1	4	1
Þvotta- og hreinsiefni	0	0	0	0
Eldsneyti	4	2	1	4
Þrávirk lífræn efni og rokgjörn lífræn efni	1	4	1	0
Kvikasilfur	1	4	1	2
Takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði (RoHS)	-	-	-	6
Samtals	125	84	112	99

3. Heimild til tollafgreiðslu

Umhverfisstofnun veitir heimild til tollafgreiðslu fyrir ýmis leyfisskyld efni og efnablöndur og árið 2017 voru veittar 133 slíkar heimildir sem skiptust þannig á málaflokka:

Málaflokkur	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015	Fjöldi 2016	Fjöldi 2017*
Sæfivörur	89	123	79	50
Plöntuverndarvörur	34	30	33	36
Eiturefni og hættuleg efni	86	67	65	28
Gróðurhúsalofttegundir (F-gös)	24	17	14	19
Samtals	233	237	187	133

*Umhverfisstofnum hætti að veita heimildir til tollafgreiðslu frá 1. júlí 2017, þar sem nánari skoðun leiddi í ljós að framkvæmdin færi líklega í bága við frjálst flæði á vörum innan EES.

4. Eftirlitsverkefni

Samkvæmt efnalögum skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára og gildi fyrsta slíka áætlunin fyrir tímabilið 2014-2016 en núna er unnið skv. áætlun sem gildir fyrir 2017-2019. Á árinu 2017 var unnið að 8 skilgreindum eftirlitsverkefnum og eru niðurstöður úr þeim birtar á heimasíðu stofnunarinnar

<https://ust.is/atvinnulif/efni/efnaeftirlit/eftirlitsverkefni/eftirlitsverkefni-2017/>

Eftirlitsverkefni	Fjöldi eftirlitsþega	Fjöldi eftirlitsferða
1 Skráningar í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP)	9	Skrifborðseftirlit
2 Norrænt eftirlitsverkefni um flokkun og merkingar efnavara á byggingavörumarkaði	4	4
3 Eftirlit með merkingum á hættulegum efnavörum í matvöruverslunum	12	12
4 Innflutningur kælimiðla - kallað eftir gögnum	Liggur ekki fyrir	Skrifborðseftirlit
5 Merkingar og innihaldsefni í augnabrána- og augnháralita	6	6
6 Greining á söluskrám 2016 fyrir tiltekin varnarefni	6	Skrifborðseftirlit
7 Úttekt á tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum 2016	Liggur ekki fyrir	Skrifborðseftirlit
8 Plöntuverndarvörur á markaði 2017	4	4

5. Tilkynningar frá heilbrigðisnefndum

Samkvæmt efnalögum er eitt af hlutverkum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga að hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna í starfsleyfis skyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndirnar gefa út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins og bregst stofnunin í kjölfarið við og gerir kröfur til birgis um að gera úrbætur á merkingum vörunnar.

Árið 2017 bárust 5 tilkynningar um vanmerktar vörur frá HES. Umhverfisstofnun brást við með því að gera kröfur til birgja um úrbætur með viðeigandi eftirfylgni.

Þvingunarúrræði	Fjöldi 2013	Fjöldi 2014	Fjöldi 2015	Fjöldi 2016	Fjöldi 2017
Krafa um úrbætur	47	22	9	3	5
Áform um áminningu	17	7	0	0	0
Áminning	0	2	0	0	0

6. Fyrirspurnir

Á hverju ári fær teymi efnamála fjölda fyrirspurna sem reynt er að svara fljótt og vel. Markmiðið er að skrá allar fyrirspurnir í skjalakerfi stofnunarinnar óháð því hvernig þær berast.

Skráðar fyrirspurnir í skjalakerfi 2017 voru alls 408 sem er mjög svipaður fjöldi og árið 2016 og ljóst að umtalsverður tími hjá teymi efnamála fer í það að svara fyrirspurnum. Hér að neðan má sjá hvernig fyrirspurnir dreifðust á málaflokka.

Málaflokkur	Fyrirspurnir 2014	Fyrirspurnir 2015	Fyrirspurnir 2016	Fyrirspurnir 2017
REACH	10	17	46	25
Flokkun og merking	23	37	44	58
Sæfivörur	33	41	81	56
Snyrtivörur	47	12	56	67
Plöntuverndarvörur	16	36	45	64
Notendaleyfi		2	97	78
Eldsneyti		-	-	12
Aðrar fyrirspurnir ¹	50	8	44	53
Samtals	187	153	413	408

¹ Aðrar fyrirspurnir: Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, ósoneyðandi efni, þvotta- og hreinsiefni og fyrirspurnir sem ekki falla í ákveðin málaflokk Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík

7. Gagnaskil teymis efnamála

Umhverfisstofnun ber skylda til að skila ýmsum gögnum til Eftirlitsstofnunar Evrópu og UNEP skv. lögum og reglugerðum. Að auki skilar stofnunin gögnum til OECD, FAO og fleiri aðila. Gagnaskil teymis efnamála á árinu 2017 koma fram hér að neðan.

Skýrsla	Skilað til
Gæði eldsneytis (bensín og dísil) fyrir Ísland vegna 2016	ESA
Brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti fyrir Ísland vegna 2017	ESA
Gagnaskil um ósoneýðandi efni	UNEP
Markaðsetning á plöntuverndarvörum	OECD
Notkun á plöntuverndarvörum	FAO

8. Erlent samstarf

Þátttaka í erlendu samstarfi er mikilvægur þáttur í starfi teymis efnamála og leggur teymið megin áherslu á að taka þátt í norrænu samstarfi og starfi Efnastofnunar Evrópu. Segja má að Efnastofnun Evrópu sé leiðandi í samstarfi EES-ríkjanna á sviði efnamála og þar er Ísland virkur þátttakandi sem er afar þýðingarmikið fyrir þennan málaflokk. Þá er norræna samstarfið á sviði efnamála afar mikilvægt fyrir okkur vegna þess að í því myndast nánari tengsl heldur en á vettvangi ESB og hægt að leita sér hjálpar og spyrjast fyrir um norræna framkvæmd í stórum sem smáum álitamálum með lítilli fyrirhöfn. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þátttöku teymis efnamála í fundum og málstofum á árinu 2017.

Dagsetning	Fundur
21.-22. mars	12. fundur þjónustuborða um efnamál (HelpNet 12) hjá Efnastofnun Evrópu í Helsinki. Tveir starfsmenn tók þátt.
31. mars	1. fundur undirhóps um sæfivörur innan Efnastofnunar Evrópu (BPRS Forum). Einn starfsmaður tók þátt.
31. maí – 1. júní	Vinnustofa Norræna plöntuverndarhópsins um endurskoðun reglugerðar (EB) 1107/2009 um plöntuverndarvörur. Einn starfsmaður tók þátt.
1.-2. júní	Norræni ósonhópurinn í Gjögvi í Færeyum. Einn starfsmaður tók þátt.
7. júní	Vefmálstofa um þjónustuborð fyrir REACH. Þrjú starfsmenn tóku þátt.
11.-12. maí	Norræni eftirlitshópurinn í Stokkhólmi. Þrjú starfsmenn tóku þátt.
18.-20. september	Norræni plöntuverndarhópurinn í Haslev, Danmörku. Einn starfsmaður tók þátt.
7.-9. nóvember	28. fundur samráðshóps um skipti á upplýsingum varðandi efnaeftirlit (Forum-28). Einn starfsmaður tók þátt.
29. nóvember	Vefmálstofa um þjónustuborð fyrir REACH. Tveir starfsmenn tóku þátt.

9. Fréttir frá teymi efnamála 2017

Teymi efnamála leggur áherslu á að kynna niðurstöður úr öllum eftirlitsverkefnum sem það stendur fyrir og er það gert með fréttatilkynningu sem birt er á vef stofnunarinnar og send til fjölmiðla.

Á árinu 2017 voru birtar alls 13 fréttatilkynningar á vegum teymisins og af þeim fjölluðu 7 um niðurstöður eftirlitsverkefna en , en 6 voru af ýmsum toga, svo sem um breytingar á efnalöggjöfni, fyrirhugaða kynningarfundir og nýtt kynningarefni.

Dags.	Frétt
30. nóv	Eftirlit með skráningum í snyrtivöruvefgátt
26. okt	Merkingum á hættulegum efnavörum í matvöruverslunum ábótavant í 85% tilvika
28. ágú	Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði 2017
23. ágú	Hefur þú kíkt í Hönnuhús – uppfært kennsluefni fyrir nemendur grunnskóla
20. júní	Mikil sala á plöntuverndarvörum í lok árs 2016
14. júní	Nýju hættumerkin taka yfir
14. júní	Innflutningur á plöntuverndarvörum minnkar milli ára
29. mars	Kynningarfundur um merkingar á efnavöru
23. mars	Samnorrænt kennsluefni fyrir yngri grunnskólanema
2. mars	Námskeið um meðferð varnarefna 6.-10. mars 2017
16. feb	Hættumerkingum á bílavörum ábótavant
16. feb	Ósoneýðandi kælimiðlar enn í umferð
23. jan	Kynningarfundur um plöntuverndarvörur - endurmenntun